

Föstudagur, 14. september 2018

Ákvörðun nr. 25/2018

## **Samruni Veritas Capital ehf. og Stoðar hf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 16. maí 2018 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með bréfi um kaup Veritas Capital (hér eftir Veritas) á öllu hlutafé Stoðar hf. (hér eftir Stoð). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá, sbr. reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og viðauka II við reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Eftir að hafa yfirfarið framangreinda tilkynningu var það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki væri ljóst hvort þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætti væru tengdir í skilningi a-liðar 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Taldi Samkeppniseftirlitið því nauðsynlegt að óska eftir lengri samrunatilkynningu til að meta möguleg samkeppnisleg áhrif samrunans frekar og var það gert með bréfi, dags. 23. maí 2018.

Með bréfi, dags. 15. júní 2018, barst Samkeppniseftirlitinu ný samrunaskrá. Með bréfi, dags. 25. júní 2018, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og að frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann hefðu hafist þann 18. júní 2018.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Undir meðferð málsins gaf Samkeppniseftirlitið ýmsum keppinautum og viðskiptavinum samrunaaðila færí á að koma fram með sjónarmið sín varðandi áhrif samrunans á samkeppni. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir niðurstöðu þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni.

Með bréfi, dags. 19. júlí, var samrunaaðilum tilkynnt að frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans væri þörf, sbr. 17. gr. d. samkeppnislaga

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér að Veritas kaupi allt hlutafé í Stoð Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, enda eru veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt og breyting verður á yfirráðum til frambúðar.

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er Veritas móðurfélag fjögurra félaga sem reka starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu og sjái móðurfélagið um stoðþjónustu fyrir dótturfélög sín. Dótturfélögin eru Artasan ehf. (hér eftir Artasan), Distica hf. (hér eftir Distica), Medor ehf. (hér eftir Medor) og Vistor hf. (hér eftir Vistor). Starfsemi þeirra er gerð skil hér að neðan.

*Artasan ehf.*

Samkvæmt samrunaskrá annast Artasan innflutning, skráningu, markaðssetningu og heildsölu á samheitalyfjum, lausasölulyfjum og heilsuvörum í samvinnu við erlenda birgja. Félagið selur vörur til apóteka, sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila, dagvöruverslana og bensínstöðva.

*Distica hf.*

Í samrunaskrá kemur fram að Distica annist dreifingu fyrir öll systurfélög sín. Það annist dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum til sjúkrahúsa, apóteka og verslana og öðrum vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur, svo sem lækningatæki og hjúkrunarvörur. Auk þess sinni félagið dreifingu á rannsóknartækjum, rekstrarvörum og fleiru til heilbrigðisstofnana, tannlækna og dýralækna.

*Medor ehf.*

Samkvæmt samrunaskrá felst rekstur félagsins í ráðgjöf, sölu og þjónustu á vörum vegna lækninga, hjúkrunar og rannsókna. Vöruframboðið er nokkuð breitt og nær bæði til þarfa stofnana og einstaklinga. Helstu viðskiptavinir Medor ehf. eru heilbrigðisstofnanir, apótek og rannsóknarstofur í líftækni, efnagreiningu og lyfjaiðnaði.

*Vistor hf.*

Í samrunaskrá kemur fram að rekstur félagsins felist í markaðssetningu og sölu lyfja, heilsuvara og dýraheilbrigðisvara á Íslandi. Félagið sé samstarfsaðili alþjóðlegra fyrirtækja og veiti þeim þjónustu við skráningar, sölu- og markaðsmál og klínískar rannsóknir auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi.

*Stoð hf.*

Samkvæmt samrunaskrá er Stoð rótgróið þjónustufyrirtæki sem framleiðir og selur stoðtæki, spelkur og aðrar stuðningsvörur til einstaklinga. Félagið selur einnig hjálpartæki (hjúkrunartæki) og býður upp á heildarlausnir fyrir einstaklinga sem þurfa á einhvers konar hjálpartækjum að halda, en félagið hefur á að skipa sérfræðingum sem aðstoða fólk við val á hjálpartækjum. Félagið selur einnig smáhjálpartæki til daglegrar notkunar, s.s. borðbúnað, griptangir og krukkuopnara, svo og eftiraðgerðarfatnað, sjúkrasokka, þrýstingsumbúðir, tilbúnar spelkur og íþróttahlífar. Félagið rekur verkstæði og veitir viðgerðarþjónustu fyrir hjálpartæki. Samkvæmt samrunaskrá á Stoð dótturfélagið Bandagist ApS sem er staðsett í Danmörku. Selji félagið stuðningsvörur og sé helsta söluvara þess sérstakir þrýstingssokkar.

**III.**

**Niðurstaða**

Í þessum kafla er gerð nánari grein fyrir rannsókn málsins og niðurstöðu hennar.

## **1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfryjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

### **1.1 Sjónarmið samrunaaðila**

Samrunaaðilar meta það sem svo að fyrirhugaður samruni muni ekki hafa nein teljandi áhrif á þeim mörkuðum sem félöginn starfa nú, því sé um að ræða samsteypusamruna (e. conglomerate merger) varðandi þá meginmarkaði sem samrunaaðilar starfa á.

Að mati samrunaaðila starfar Veritas á lækningatækjamarkaði í þrengri skilningi, hjúkrunarvörumarkaði, ígræðimarkaði, lyfjamarkaði, dýraheilbrigðisvörumarkaði og heilsuvörumarkaði. Starfsemi á framangreindum mörkuðum fer fram í gegnum dótturfélög Veritas og felst ýmist í sölu og/eða dreifingu. Sömuleiðis er það mat þeirra að Stoð starfi á hjúkrunarmarkaði (hjálpartækjamarkaði) og stoðtækjamarkaði.

Samrunaaðilar leggja það til grundvallar að starfsemi þeirra fari ekki fram á sömu vörumörkuðum eða á vörumörkuðum sem eru á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markaði þar sem annar aðili samruna stundar viðskipti. Mat þeirra byggir í fyrsta lagi á þeirri staðreynd að samrunaaðilar selja ekki sömu vöru eða þjónustu. Í öðru lagi horfa samrunaaðilar til fyrri ákværðana Samkeppniseftirlitsins um niðurbrot á lækningatækjamarkaði í víðari skilningi í undirmarkaði.

Samrunaaðilar telja að markaðir þar sem áhrifa gæti séu:

1. **Lækningatækjamarkaður í þrengri skilningi:** Líkt og fram hafi komið í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2012 *Samruni Veritas Capital hf., Fastusar ehf. og Aðalkost ehf.*, sé lækningatækjamarkaður í þrengri skilningi undirflokkur markaðar fyrir lækningatæki í víðum skilningi. Í flokki lækningatækja í þrengri skilningi megi telja ellefu tegundir lækningatækja, þ.e. endurlífgunartæki, greiningartæki, meðferðartæki, myndgreiningartæki, mælitæki, rannsóknartæki, skurðstofutæki, svæfingartæki, tölvubúnað, vöktunartæki og önnur tæki. Aðilar á þessum markaði að mati samrunaaðila eru Veritas, Inter Medica ehf., Lyra ehf., HealthCo ehf., Fastus ehf., Inter ehf., Icepharma hf.
2. **Hjúkrunarvörumarkaður:** Líkt og fram hafi komið í ofangreindri ákvörðun, sé hjúkrunarvörumarkaður undirflokkur markaðar fyrir lækningatæki í víðum skilningi. Í flokki hjúkrunarvara megi telja ýmsar einnota vörur sem notaðar séu við hjúkrun sjúklinga, s.s. þvagleggi, hanska, yfir- og undirbreiðslur, bleiur, sprautur, nálar, gifsvörur, sárabindi o.fl. Um sé að ræða rekstrarvörur fyrir helstu heilbrigðisstofnanir. Aðilar á þeim markaði að mati samrunaaðila eru m.a. Veritas, Icepharma hf., Rekstrarvörur ehf. og Eirberg ehf.

3. **Ígræðimarkaður:** Líkt og fram hafi komið í ofangreindri ákvörðun, sé ígræðimarkaður undirflokkur markaðar fyrir lækningatæki í víðum skilningi. Með ígræði sé átt við lækningavörur sem sé komið fyrir innan í líkama sjúklings með skurðaðgerð og sé ætlað að hafa ákveðna virkni. Í flokk ígræðis falli bæklunarígræði, s.s. gerviliðir og gervimjaðmir, skrúfur og plötur til beinaviðgerða, hjartagangráðar og bjargráðar. Aðilar á þessum markaði að mati samrunaaðila eru m.a. Veritas, Inter medica ehf., Heilsuland, Fastus ehf. og Icepharma hf.
4. **Hjúkrunartækjamarkaður (hjálpatækjamarkaður):** Líkt og fram hafi komið í ofangreindri ákvörðun, sé hjúkrunartækjamarkaður undirflokkur markaðar fyrir lækningatæki í víðum skilningi. Undir hann heyri sala á hjólastólum, sjúkrarúmum, sjúkralyftum og öðrum stærri tækjum sem notuð séu við umönnun sjúklinga. Að mati samrunaaðila eru aðilar á þessum markaði m.a. Stoð, Eirberg ehf., Fastus ehf. og Öryggismiðstöð Íslands hf. Þrátt fyrir framangreint þá vekja samrunaaðilar athygli á þeirri skoðun sinni að vörur á hjálpartækjamarkaði falli illa undir hugtakið „hjúkrunartækjamarkað“ eins og hann hafi verið skilgreindur af Samkeppniseftirlitinu enda séu slíkar vörur vart ætlaðar til hjúkrunar. Orðið hjúkrunartækjamarkaður sé til þess fallið að valda ruglingshættu við hjúkrunarvörumarkað en vörur sem tilheyra hjúkrunartækjamarkaði eigi ekki endilega þátt í hjúkrun sjúklings.
5. **Stoðtækjamarkaður:** Í samrunaskrá kemur fram að samkeppnisyfirvöld hafi ekki ekki fjallað um stoðtækjamarkað með jafn ítarlegum hætti og lækningatækjamarkað. Þá hafi stoðtækjamarkaðurinn ekki verið talinn vera undirflokkur lækningatækjamarkaðar í víðari skilningi í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2012. Því byggi skilgreining stoðtækjamarkaðar eingöngu á mati samrunaaðila. Að mati samrunaaðila má skilgreina stoðtækjamarkað sem markað fyrir stoðvörur. Í flokk stoðtækja falli hlífar, spelkur, gervilimir, gervibrjóst, þrýstingsvörur, bæklunarskór og innlegg. Að mati samrunaaðila eru aðilar á stoðtækjamarkaði m.a. Stoð, Össur hf., Eirberg ehf. og Fastus ehf.

## 1.2 Mat Samkeppniseftirlitsins á markaðsskilgreiningu

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2012, *Samruni Veritas Capital hf, Fastusar ehf. og Aðalkots ehf.* var markaður fyrir heilbrigðistæknivörur skilgreindur. Þar féll undir vörumarkaður sem telur til starfsemi sem felst í því að selja, dreifa og þjónusta flest allar gerðir af vörum sem flokkast sem lækninga- og hjúkrunartæki og hjúkrunarvörur eða öll tæki og vörur sem þarf til að reka heilbrigðisstofnanir.

Hugtakið lækningatæki er skilgreint í 3. gr. laga um lækningatæki nr. 16/2001:

„Lækningatæki: Hvert það verkfæri, búnaður, áhald, efni (þó ekki lyf) eða annar hlutur, notað eitt sér eða með öðru, ásamt hugbúnaði sem þarf til að tækið starfi rétt, sem framleiðandi ætlar til notkunar fyrir menn til þess að:

- a. greina, hindra, athuga, meðhöndla eða lina sjúkdóma,
- b. greina, hafa eftirlit með, meðhöndla, draga úr eða bæta líkamstjón, fötlun eða skerta getu,

- c. rannsaka, breyta eða koma í stað líffærис eða lífeðlisfræðilegrar starfsemi,  
d. koma í veg fyrir þungun.

*Tæki sem er hluti af lækningatæki eða á annan hátt tengist notkun lækningatækis telst einnig vera lækningatæki.*

*Tæki sem virkar aðallega á eða í mannslíkamanum með lyfjafræðilegum, efnafræðilegum, ónæmisfræðilegum eða efnaskiptalegum aðferðum telst ekki lækningatæki, þó getur það verið hluti af lækningatæki.*

*Ef vafi leikur á hvort tæki eða hlutur telst lækningatæki sker landlæknir úr um það.*"

Samkvæmt þessu er ljóst að hugtakið lækningatæki er afar víðtækt í skilningi þessarar greinar. Í umræddri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var talið rétt að skipta sölu lækningataekja niður í meginflokk, líkt og samrunaaðilar leggja til að verði gert nú. Heildarmarkaður fyrir lækningatæki í víðum skilningi er mjög fjölbreyttur og flokka má vörur og tæki innan hans í marga undirflokk eftir eðli og virkni vara og tækja. Út frá sjónarhóli kaupanda er ekki eftirspurnarstaðganga milli einstakra tegunda lækningataekja sem uppfylla ólíkar þarfir.

Að mati Samkeppniseftirlitsins má í máli þessu hafa til hliðsjónar skilgreiningu markaða í framangreindri ákvörðun eftirlitsins nr. 23/2012 sem og mat samrunaaðila við skilgreiningu á þeim vörur- og landfræðilegu mörkuðum er þeir starfa á. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til endanlegrar skilgreiningar á mörkuðum málsins.

## **2. Samkeppnisleg áhrif samrunans**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnisлага. Í 4. gr. samkeppnisлага kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samrunaaðilar starfa ekki á sömu mörkuðum hér lendis. Þannig starfar Veritas á lækningataekjamarkaði í þrengri skilningi, hjúkrunarvörumarkaði, ígræðimarkaði, lyfjamarkaði, dýraheilbrigðisvörumarkaði og heilsuvörumarkaði og Stoð á hjúkrunartækjamarkaði (hjálpartækjamarkaði) og stoðtækjamarkaði. Samrunaaðilar selja því ekki sömu vörur eða þjónustu. Að mati Samkeppniseftirlitsins skal því tekið til skoðunar hvort skaðleg samsteypuáhrif geti leitt af samrunanum.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, er fjallað um samsteypusamruna og þar segir: „Um er að ræða samsteypusamruna þar sem fyrirtæki renna saman en eru samt sem áður ekki í samkeppnislegum tengslum sem keppinautar eða viðskiptavinir. Fyrsta kastið breytist því í raun ekki neitt á samkeppnismarkaði við samsteypusamruna, þeir sem keppa um hylli viðskiptavina eru jafnmargir og jafnstórir og áður. Þeir hafa ekki náð sérstöku sambandi

eða tökum á birgjum eða fengið sérstaka aðstöðu sem færir þeim samkeppnisforskot." Dómstólar ESB hafa einnig bent á að samsteypusamrunar séu sérstakir að því leyti að ekki sé um að ræða samruna milli fyrirtækja sem hafi fyrirliggjandi samkeppnisleg tengsl sín á milli. Sökum þessa eru almennt ekki löglíkur á því að slíkir samsteypusamrunar hafi í för með samkeppnishamlandi áhrif. Hins vegar geta slíkir samrunar haft samkeppnishamlandi áhrif undir vissum kringumstæðum.<sup>1</sup> Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009, *Kaup Valitors hf.* á öllu hlutafé í *Euro Refund Group North* á Íslandi ehf., er fjallað um möguleg skaðleg áhrif samsteypusamruna:

*„Slíkir samrunar geta helst haft samkeppnisleg áhrif þegar samrunaaðilar starfa á nátengdum mörkuðum. Um slíkt getur verið að ræða þegar samrunaaðilar selja vörur sem bæta hverja aðrar upp (e. complementary products) eða selja vörur sem eru hluti af flokki vara sem keyptar eru af sömu kaupendum (e. range of products). Talið er að ef einn aðili samrunans hafi styrka stöðu á einum markaði geti undir vissum kringumstæðum ákveðin samlegðaráhrif, sem stafa af samrunanum, leitt til þess að hið sameinaða fyrirtæki nái yfirburðarstöðu á tengdum markaði og samkeppni raskist þar með, sbr. nánar hér á eftir. Taka þarf því til skoðunar hvort skilgreindir markaðir séu tengdir og hvort aðstæður á þeim mörkuðum séu með þeim hætti að samruninn geti mögulega haft skaðleg samkeppnisleg áhrif.“*

Í leiðbeiningarreglum framkvæmdastjórnar ESB um samruna sem ekki teljast láréttir er bent á að samsteypusamrunar geti haft í för með sér jákvæð samkeppnisleg áhrif sem geta t.a.m. stafað af aukinni skilvirkni eftir samrunann. Slík skilvirkni getur t.d. falist í betri nýtingu framleiðsluþáttu, s.s. innviða eða söluleiða.<sup>2</sup> Einnig er útskýrt undir hvaða kringumstæðum samsteypusamrunar geti verið samkeppnishamlandi en það sé helst þegar þeir hafa í för með sér svonefnd útilokunaráhrif (e. *foreclosure effect*), þ.e. ef keppinautar geti útilokast frá tilteknum markaði.<sup>3</sup> Til þess að þetta geti átt sér stað verða markaðir þeir sem samsteypusamruninn tekur til að vera nátengdir. Einnig verða samrunaaðilar samkvæmt framkvæmdastjórn ESB að vera í öflugri stöðu (e. *market power*) á að a.m.k. einum markaði sem samruninn tekur til. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB kemur jafnframt fram að til þess að útilokunaráhrif séu mögulegt áhyggjuefni vegna samsteypusamruna verði að vera um að ræða talsverðan fjölda viðskiptavina sem kaupa báðar eða allar umræddar vörur eða þjónustu.<sup>4</sup> Það eitt að samruni breikkar vörulínu kaupanda leiðir ekki sjálfkrafa til þess að samruni teljist skaðlegur samkeppni.<sup>5</sup>

---

<sup>1</sup> Dómur undirréttar ESB í máli nr. T-5/02, Tetra Laval gegn framkvæmdastjórninni [2002] ECR II-4381: „*It is common ground between the parties that the modified merger is conglomerate in type, that is, a merger of undertakings which, essentially, do not have a pre-existing competitive relationship, either as direct competitors or as suppliers and customers. Mergers of this type do not give rise to true horizontal overlaps between the activities of the parties to the merger or to a vertical relationship between the parties in the strict sense of the term. Thus it cannot be presumed as a general rule that such mergers produce anti-competitive effects. However, they may have anti-competitive effects in certain cases.*

<sup>2</sup> Sjá mgr. 14 í leiðbeiningunum.

<sup>3</sup> Sjá mgr. 18 í leiðbeiningunum.

<sup>4</sup> Sjá mgr. 100 í leiðbeiningunum.

<sup>5</sup> Sjá mgr. 104 í leiðbeiningunum: „*104. Customers may have a strong incentive to buy the range of products concerned from a single source (one-stop-shopping) rather than from many suppliers, e.g. because it saves on transaction costs. The fact that the merged entity will have a broad range or portfolio of products does not, as such, raise competition concerns (5).*

Við rannsókn málsins hafa umsagnaraðilar byggt á því að Stoð sé mjög öflugur aðili í sölu hjólastóla og rafmagnshjólastóla á Íslandi. Við mat á áhrifum samrunans telur Samkeppniseftirlitið þó að líta skuli til þess hvort þær vörur sem samrunaaðilar selja bæti hverjar aðrar upp og séu það sem nefnt hefur verið stuðningsvörur (e. complementary products) eða hvort þær séu hluti af flokki vara sem keyptar séu af sömu kaupendum.

Með stuðningsvörum er í þessu samhengi átt við vörur sem eru meira virði fyrir viðskiptavin þegar þær eru notaðar eða þeirra neytt saman fremur en í sitthvoru lagi.<sup>6</sup> Samkeppniseftirlitið telur að tæplega sé unnt að líta svo á að þær vörur sem Veritas og dótturfélög þess selja annars vegar og þær vörur sem Stoð selur hins vegar séu stuðningsvörur í framangreindum skilningi. Þó þessar vörur tilheyri alhliða heilbrigðismarkaði þá er um mjög ólíkar vörur að ræða sem ekki eru keyptar í sama tilgangi eða til samhliða notkunar.

Þá er það ljóst að viðskiptavinir á þeim mörkuðum sem Veritas starfar og á þeim mörkuðum sem Stoð starfar eru ekki þeir sömu. Upplýsingar sem fram koma í samrunaskrá sýna að á þeim mörkuðum sem Veritas starfar séu viðskiptavinir að mestu leyti [...]<sup>7</sup>. Á hinn bóginna fara viðskipti Stoðar að mestu leyti fram við [...]<sup>8</sup>.

Þá er ljóst að samruninn felur í sér lóðréttu samþættingu að ákveðnu leyti enda er Distica dótturfélag Veritas Capital sérhæft lagerhalds- og dreifingarfyrirtæki með ýmsar vörur tengdar lyfjum, lækningatækjum og heilbrigðisvörum. Staða Distica á markaði er sterk en helsti keppinatur þess er Parlogis. Sterk staða Distica í dreifingu á framangreindum vörum styrkir að mati Samkeppniseftirlitsins stöðu Stoðar á mörkuðum málsins. Liggur einnig fyrir að fjárhagslegur styrkleiki Veritas Capital er töluverður. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessi áhrif þó, á þessu stigi og miðað við aðstöðuna í þessu máli, ekki þess eðlis að ástæða sé að grípa til íhlutunar vegna hennar.

Að virtum gögnum málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c. samkeppnisлага. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

#### IV. Ákvörðunarorð:

**„Kaup Veritas Capital ehf. á 100% eignarhlut í Stoð hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

---

<sup>6</sup>Framkvæmdastjórn ESB, Guidelines on the assessment of non-horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings (2008/C 265/07). Sjá neðanmálgrein við mgr. 13: „*In this document, products or services are called 'complementary' (or 'economic complements') when they are worth more to a customer when used or consumed together than when used or consumed separately. Also a merger between upstream and downstream activities can be seen as a combination of complements which go into the final product. For instance, both production and distribution fulfil a complementary role in getting a product to the market.*“

<sup>7</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>8</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson